

REGLUGERÐ**um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.****1. gr.**

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hultdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlagssvæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1977 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag	Gullbringusýslu	16.42%
Sjúkrasamlag	Kjósarsýslu	15.44%
Sjúkrasamlag	Borgarfjarðarsýslu	12.81%
Sjúkrasamlag	Snæfellsnessýslu	13.93%
Sjúkrasamlag	Dalásýslu	15.44%
Sjúkrasamlag	Austur-Barðastrandarsýslu	14.39%
Sjúkrasamlag	Vestur-Barðastrandarsýslu	15.97%
Sjúkrasamlag	Ísafjarðarsýslu	14.28%
Sjúkrasamlag	Strandasýslu	14.99%
Sjúkrasamlag	Vestur-Húnavatnssýslu	14.67%
Sjúkrasamlag	Austur-Húnavatnssýslu	13.53%
Sjúkrasamlag	Skagafjarðarsýslu	12.25%
Sjúkrasamlag	Eyjafjarðarsýslu	12.61%
Sjúkrasamlag	Þingeyjarsýslu	11.98%
Sjúkrasamlag	Norður-Múlasýslu	13.45%
Sjúkrasamlag	Suður-Múlasýslu	14.15%
Sjúkrasamlag	Austur-Skaftafellssýslu	16.18%
Sjúkrasamlag	Vestur-Skaftafellssýslu	16.86%
Sjúkrasamlag	Rangárvallasýslu	16.86%
Sjúkrasamlag	Árnessýslu	15.47%
Sjúkrasamlag	Akraness	13.10%
Sjúkrasamlag	Ísafjarðar	13.24%
Sjúkrasamlag	Sauðárkróks	13.17%
Sjúkrasamlag	Siglufjarðar	13.84%
Sjúkrasamlag	Ólafsfjarðar	13.05%
Sjúkrasamlag	Dalvíkur	12.82%
Sjúkrasamlag	Akureyrar	12.16%
Sjúkrasamlag	Húsavíkur	12.66%
Sjúkrasamlag	Seyðisfjarðar	14.60%
Sjúkrasamlag	Neskaupstaðar	12.20%
Sjúkrasamlag	Vestmannaeyja	12.44%
Sjúkrasamlag	Grindavíkur	14.11%
Sjúkrasamlag	Keflavíkur	14.18%
Sjúkrasamlag	Njarðvíkur	14.11%
Sjúkrasamlag	Hafnarfjarðar	15.10%
Sjúkrasamlag	Garðabæjar	14.61%
Sjúkrasamlag	Kópavogs	16.00%
Sjúkrasamlag	Seltjarnarness	15.67%
Sjúkrasamlag	Reykjavíkur	16.53%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

30. september 1977.

Nr. 351.

REGLUGERÐ

um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkunir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar.

1. gr.

Ef tekjur elli- og örorkulífeyrisþega fara ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

2. gr.

Hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris en hafa ekki tekjur, er fara fram úr 252.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri að upphæð 542.952 kr. á ári. Hafi hjónin hins vegar tekjur umfram 252.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

3. gr.

Nú nýtur annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, skal þá helmingur samanlagðra tekna þeirra, teljast tekjur lífeyrisþegans. Fari þessar tekjur hans ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót (tekjutryggingu) á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

4. gr.

Með „tekjum“ í 1.—3. gr. er átt við allar tekjur í tekjudálki skattskýrslu, aðrar en tryggingabætur, eigin húsaleigu og tekjur barna.

5. gr.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt ofanrituðu, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattýfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

6. gr.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem hafa komið í veg fyrir, að hann fengi hækkun bóta samkv. 1.—3. gr., og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar,